

Fundargerð DKG fundar NU deildar í Varmahlíðarskóla þann 5. apríl 2018

Heimsóknin byrjaði á leiðsöguferð um skólann sem Lára Gunndís stýrði.

Leiðsögnin endaði í heimilisfræðistofu skólans þar sem formlegur fundur var haldinn. Fundurinn hófst með því að Jenný formaður setti fundinn með því að kveikja á kertunum þremur.

Orð til umhugsunar komu frá Jenný. Hún fór með hugvekju um það „hvernig er að fá mig í heimsókn?“. Hugvekjan var fengin af heimasíðunni *Hamingjuhornið*.

Að loknu orði til umhugsunar var boltanum varpað til Lára, gestgjafans okkar, og byrjaði hún á að bjóða okkur súpu og meðlæti. Yfir súpunni var rætt um fyrirhugaða óvissuferð í maí en tíma- og staðsetning ferðarinnar verður send út þegar nær dregur. Systur hvattar til að koma með hugmyndir að nýjum félögum á óvissufundinn. Rætt um hvernig best er að bera sig að við að bæta við nýjum félögum og afráðið að hafa samband við Eygló í Betadeild og fá leiðbeiningar um rétt ferli. Einnig var rætt um ráðstefnuna á Akureyri á vordögum 2017 og komandi þing á Egilsstöðum í maí n.k.

Að mat loknum sagði Lára okkur frá Varmahlíðarskóla, sögu hans og starfsemi í dag. Umræður um skólann.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Guðbjörg Einarsdóttir.